

Samstarfsnefnd um fjölbrautaskóla á Suðurnesjum.

111 fundur.

Ellefti fundur nefndarinnar var haldinn í væntanlegu húsnæði Fjölbrautaskólans (Iðnskólanum) þriðjudaginn 27. júlí 1976 og hófst hann klukkan 17⁰⁰.

Fundinn sátu Gunnar Sveinsson, Guðrún Sigurðardóttir, Sigurður Ólafsson, Eggert Ólafsson, Jón Hólmgeirsson ásamt undirrituðum.

Formaður kvað tilefni fundarins vera það, að ráðuneytisstjóri hefði óskað eftir að nefndin fjallaði um umsóknir þær er ráðuneytinu bærust um stöðu skólameistara við Fjölbrautaskólann. Hefði ráðuneytisstjóri óskað eftir álitni nefndarinnar sem fyrst.

Umsækendur eru tveir, þeir Rögnvaldur J. Sæmundsson skólastjóri og Jón Böðvarsson menntaskólakennari.

Nefndarmenn athuguðu í sameiningu umsóknirnar ásamt fylgiskjölum og ræddu um þær.

Þar sem einn nefndarmanna var fjarstaddur var ákveðið að fresta ~~ákvæði~~ ákvarðanatöku um málið til næsta dags og boðaði formaður þá til nýs fundar klukkan 20³⁰ á sama stað.

Var fundi slitið klukkan 18³⁰.

Fundarritari.

Hreinn Ásgrímsson.